

Föstudaginn 15. maí 1959.

Nr. 71/1956. **Hilmar Ludvigsson** (Gunnar Möller hrl.)
 gegn
Sigurði Berndsen (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Endurheimt ofgreidds fjár.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. maí 1956 og fengið gjafsókn hér fyrir dómi. Krefst hann þess aðallega, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 68.990,00, en *til vara* kr. 20.235,69, ásamt 6% ársvöxtum af dæmdri fjárhæð frá 24. febrúar 1954 til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði svo og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, og að skipuðum talsmanni hans verði dæmd hæfileg málssóknarlaun fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru sem hér segir: Áfrýjandi kveðst hafa haft í hyggju vorið 1952 að reisa smáibúðarhús í Kópavogi í félagi við mann að nafni Gísli Jakobsson. Af því til efni gaf Gísli út vixil, að fjárhæð kr. 30.000,00, með gjalddaga 20. desember 1952. Áfrýjandi samþykkti vixil þenna og gaf jafnframt út tryggingarbréf með honum með veði í húseign sinni, Snælandi II við Nýbýlaveg. Steingrímur Stefánsson, sem getið er í héraðsdómi, tók að sér að selja vixilinn fyrir þá áfrýjanda og Gísla. Keypti Guðjón Hólm hdl. vixilinn og fékk jafnframt í hendur tryggingarbréfið. Áfrýjandi kveður andvirði vixilsins hafa orðið að eyðslueyri hjá sér og Gísla, og varð ekkert úr fyrirætlun þeirra um húsbygginguna.

Pegar kom að gjalddaga vixilsins, höfðu þeir áfrýjandi og Gísli ekkert fé handbært til að greiða hann með. Kveður áfrýjandi Steingrím Stefánsson þá hafa stungið upp á því, að gefinn yrði út nýr vixill, að fjárhæð kr. 100.000,00, sem

Steingrímur tæki að sér að selja. Varð það úr, að maður að nafni Finnur Th. Jónsson gaf út víxil með nefndri fjárhæð hinn 18. desember 1952, er greiðast skyldi hinn 18. ágúst 1953. Samþykkti Steingrímur víxilinn, en áfrýjandi ritaði nafn sitt á hann sem ábekingur. Jafnframt gaf áfrýjandi út tryggingarbréf með vixlinum með veði í húseigninni Snælandi II. Það varð að samkomulagi með þeim áfrýjanda og Steingrími, að Steingrímur fengi til bráðabirgða til eigin ráðstöfunar helming andvirðis þess, er fyrir víxilinn fengist.

Steingrímur Stefánsson seldi stefnda, Sigurði Berndsen, hinn nýja víxil ásamt tryggingarbréfinu í janúar 1953. Af andvirðinu greiddi stefndi Guðjóni Hólmi fjárhæð eldra vixilsins, kr. 30.000,00, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði. Eftirstöðvar andvirðisins runnu til Steingríms Stefánssonar. Kveður áfrýjandi Steingrím aðeins hafa greitt sér kr. 5.000,00 af þeim hluta andvirðisins.

Þegar víxillinn féll í gjalddaga hinn 18. ágúst 1953, gerðu víxilskuldarar engin skil. Krafðist stefndi þá uppboðs á hinni veðsettu húseign, en á uppboðsþingi 24. febrúar 1954 leysti áfrýjandi til sín víxilskuldina ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði með kr. 109.016,00.

Í héraðsdómi er lýst rökum fyrir aðalkröfu áfrýjanda og fjárhæð hennar. Er krafan á því reist, að stefnda hafi mátt vera ljóst, þegar hann keypti framangreindan víxil, að Steingrímur Stefánsson væri með viðskiptum sínum við áfrýjanda að hafa af honum fé með refsiverðum hætti. Hafi stefndi með kaupum á vixlinum gerzt hlutdeildarmaður í því atferli Steingríms og þar með bakað sér ábyrgð á öllu tjóni áfrýjanda, sem leitt hafi af víxilábyrgð hans og útgáfu tryggingarbréfsins. Hér verður ekki úr því leyst, hvort framferði Steingríms við áfrýjanda hafi verið refsivert eða ekki, en að því er til stefnda tekur, þá hefur ekki verið leitt í ljós, að hann hafi með kaupum á vixlinum fellt á sig fébótaábyrgð gagnvart áfrýjanda. Ber því að staðfesta úrlausn héraðsdóms um aðalkröfu áfrýjanda.

Verður þá vikið að varakröfu áfrýjanda. Hún er á því

reist, að stefndi hafi, er hann keypti vixilinn af Steingrími, áskilið sér vexti og annað endurgjald fyrir lánveitinguna fram yfir það, sem heimilt er samkvæmt 2. gr. laga nr. 73/1933, sbr. lög nr. 75/1952, og sé þá það, sem umfram var greitt, endurkræft eftir 1. málsgr. 6. gr. laga nr. 73/1933.

Stefndi hefur lýst því, að við kaup á vixlinum hafi hann áskilið sér 2% af kr. 100.000,00 í svonefnt lántökugjald, þ. e. kr. 2.000,00 og 7½% forvexti p.a., þ. e. kr. 5.000,00 í 8 mánuði. Andvirðið hafi hann svo greitt að nokkru leyti með vixli, samþykktum af Inga Kröyer, að eftirstöðvum kr. 16.390,51, og að öðru leyti með peningum.

Áfrýjandi heldur því fram, að vixill sá, samþykktur af Inga Kröyer, sem Steingrímur fékk í hendur, hafi verið verðlaus með öllu. Hefur Steingrímur Stefánsson hinn 25. janúar 1955 framselt áfrýjanda allan þann rétt, sem hann kynni að hafa átt á hendur stefnda vegna þess, að nefndur vixill sé verðlaus eða verðminni en nafnverði eftirstöðvanna nemur.

Áfrýjandi miðar fjárhæð varakröfunnar við það, að stefnda sé skylt að endurgreiða honum allt það endurgjald, sem stefndi áskildi sér við kaup á 100 þúsund kr. vixlinum umfram það, sem heimilt var eftir ákvæðum vaxtalaga. Það verður þó ekki talið, að áfrýjandi hafi öðlazzt beinan rétt gagnvart stefnda til heimtu slíks féggjalds. Kemur því aðeins til álita, hvort áfrýjandi hafi með framangreindu framsali frá Steingrími Stefánssyni fengið endurgreiðslukröfu á hendur stefnda.

Vixill sá, samþykktur af Inga Kröyer, sem Steingrímur fékk frá stefnda, var upphaflega að fjárhæð kr. 20.300,00 og greinir útgáfudag 6. júní 1951 og gjalddaga 1. október 1951. Hafði stefndi veitt Inga peningalán gegn vixli þessum og fengið til tryggingar því veðrétt í rishæð hússins nr. 16 við Langholtsveg í Reykjavík. Ingi greiddi ekki vixilskuld þessa á gjalddaga, og gekk stefndi þá að veðinu. Við sölu á veðinu á uppboðsþingi 21. desember 1951 var stefndi hæstbjóðandi, og var honum lögð rishæðin út sem ófullnægðum veðhafa. Hrökk veðið aðeins til greiðslu á kr. 3.909,49

af vixilskuldinni. Stóðu þá eftir ógreiddar af vixlinum kr. 16.390,51. Í málinu er komið fram, að hinn 6. febrúar 1954 fór fram árangurslaus fjárnámsgerð hjá Inga Kröyer, og sjálfur hefur hann lýst því fyrir dómi 15. júlí 1954, að hann sé ekki fær um að greiða eftirstöðvar umrædds vixils. Gegn þeim staðreyndum, sem þannig liggja fyrir um fjárhag Inga Kröyers, hefur stefndi, sem tók við 100 þúsund kr. vixlinum fulltryggðum, ekki fært að því neinar líkur í máli þessu, að vixilkrafan á hendur Inga Kröyer hafi verið nokkurs virði, er hann afhenti Steingrími hana. Ber honum því samkvæmt framsalinu frá Steingrími Stefánssyni og með skirskotun til 1. málsgr. 6. gr. laga nr. 73/1933 að greiða áfrýjanda fjárhæð vixilsins, svo sem hann var að eftirstöðvum, kr. 16.390,51, enda hefur þeirri fjárhæð ekki verið sérstaklega mótmælt. Þá ber stefnda og að endurgreiða oftekna forvexti, $7\frac{1}{2}\%$ p.a. í 8 mánuði (18. desember 1952—18. ágúst 1953) af kr. 16.390,51, þ. e. kr. 819,52, og oftekna vexti, 6% p.a. af sömu fjárhæð í 6 mánuði (18. ágúst 1953—18. febrúar 1954), þ. e. kr. 491,72. Nema þessar fjárhæðir samtals kr. 17.701,75. Þá ber stefnda og að greiða 6% ársvexti af dæmdri fjárhæð frá 24. febrúar 1954 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði, kr. 2.000,00, svo greiði hann og málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3.500,00. Af þeirri fjárhæð renni kr. 2.000,00 til talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti og kr. 1.500,00 til ríkissjóðs.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Berndsen, greiði áfrýjanda, Hilmari Ludvigssyni, kr. 17.701,75 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. febrúar 1954 til greiðsludags. Stefndi greiði áfrýjanda kr. 2.000,00 í málskostnað í héraði. Svo greiði hann og málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3.500,00, þar af kr. 2.000,00 til málflutningsmanns áfrýjanda í Hæstarétti, Gunnars Möllers hæstaréttarlögmanns, og kr. 1.500,00 í ríkissjóð.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. apríl 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., hefur Hilmar Ludvigsson, Sólvangi við Fífuhammsveg í Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 8. febrúar 1955, gegn Sigurði Berndsen, Flókagötu 57 hér í bænum, og hefur gert þær dómkröfur *aðallega*, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 68.990,00 auk 6% ársvaxta frá 24. febrúar 1954 til greiðsludags, en *til vara* krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 19.963,66 með vöxtum eins og í aðalkröfu greinir. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda, hvernig sem málið fer.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati dómarans.

Stefnandi hefur skýrt svo frá málavöxtum, að í desember 1952 hafi fallið á hann víxill, að fjárhæð kr. 30.000,00, sem Steingrímur nokkur Stefánsson, er kallar sig fasteignasala, hafi selt fyrir hann og annan mann. Hafi víxill þessi verið tryggður með veði í húsi, er hann átti, Snælandi 2 við Nýbýlaveg. Kveðst stefnandi ekki hafa getað greitt víxilinn á gjalddaga. Hafi Steingrímur þá fengið hann til að veðsetja hús sitt fyrir nýjum víxli, að fjárhæð kr. 100.000,00. Hafi hann (stefnandi) gengið inn á, að Steingrímur fengi víxil þennan til ráðstöfunar og að hann mætti til bráðabirgða, en um mjög skamman tíma, taka til sinna nota helming víxilandvirðisins, en eldri víxillinn hafi þó átt að greiðast, þegar Steingrímur seldi hundrað þúsund króna víxilinn. Nýja víxilinn, sem var út gefinn af Finni Th. Jónssyni, eignalausum manni, nú búsettum á Bolungarvík, og samþykktur af Steingrími, en ábektur af honum sjálfum, hafi Steingrímur selt stefnda, sem gekk að húseign hans samkvæmt ákvæðum veðbréfsins, er víxillinn var ekki greiddur á gjalddaga.

Fyrir víxilinn kveðst stefnandi aðeins hafa fengið kr. 35.500,00, kr. 30.000,00, er eldri víxillinn var greiddur með, kr. 500,00, er var áfallinn kostnaður á þeim víxli, og kr. 5.000,00, er Steingrímur greiddi honum 22. desember 1952.

Tjón sitt kveður hann hafa verið kr. 68.990,00, en það er sú fjárhæð, er aðalkrafa hans nemur, en hún sundurliðast þannig:

1. Vízilfjárhæðin	kr.	100.000,00		
að frádregnu því, sem hann fékk greitt	—	35.500,00	kr.	64.500,00
2. Greiddir vextir 6% í 6 mánuði	kr.	3.000,00		
Frádr. vextir af kr. 35.500,00	—	1.065,00	—	1.935,00
3. Greidd innheimtulaun	kr.	4.908,00		
Frádr. innhl. af kr. 35.500,00	—	2.353,00	—	2.555,00
				Kr. 68.990,00

Hefur stefnandi haldið því fram, að Steingrímur Stefánsson hafi féflett hann á refsiverðan hátt með því að fá hann til að ábekja hundrað þúsund króna víxilinn og að fá hann til að gefa út veðskuldabréfið til tryggingar honum. Þá telur stefnandi, að stefnda hljóti að hafa verið ljóst vegna kunnugleika síns á ferli Steingríms, að Steingrímur hafi einmitt haft þetta í huga. Með því að kaupa umræddan víxil með þessa vitneskju hafi stefndi því beinlínis gerzt hlutdeildarmaður í hinum refsiverða verknaði Steingríms. Stefndi beri því sem slíkur fulla ábyrgð á öllu tjóni því, sem hann (stefnandi) varð fyrir.

Stefndi kveðst engin viðskipti hafa átt við stefnanda um kaup á framangreindum víxli. Hann segist að vísu hafa hringt til hans, áður en hann keypti víxilinn, og spurt hann, hvort ekki væri allt í lagi með, að hann keypti víxilinn, það sé venja hjá sér, þegar hann kaupi háar víxilkröfur. Hafi stefnandi ekkert haft við það að athuga.

Þá segir stefndi, að hann hafi að vísu ekki haft mikla trú á greiðslugetu Steingríms Stefánssonar, en mótmælir algerlega, að hann hafi átt nokkra hlutdeild í því, að fé væri haft ólöglega út úr stefnanda, og þá mótmælir hann því einnig, að stefnandi hafi yfirleitt verið féflettur.

Það þykir ekki nægjanlega sannað, að Steingrímur Stefánsson hafi haft fé af stefnanda á refsiverðan hátt í sambandi við framangreind víxilviðskipti, og ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af aðalkröfu stefnanda.

Varakröfu sína byggir stefnandi á því, að stefndi hafi greitt Steingrími hundrað þúsund króna víxilinn meðal annars með víxli, samþykktum af Inga Kröyer bifreiðarstjóra. Hafi sá víxill upphaflega verið kr. 20.300,00, en samkvæmt áritun borgarfógeta hinn 3. marz 1952 höfðu við nauðungaruppboð komið upp í víxil-

inn kr. 3.909,49. Hljóðaði víxillinn því upp á kr. 16.390,51. Víxill þessi hafi reynzt verðlaust plagg, sem meðal annars sjáist á því, að árangurslaust fjárnám hafi verið gert fyrir annarri kröfu hjá Inga Kröyer 6. febrúar 1954. Hafi stefnda verið fullljóst, er hann afhenti Steingrími víxil þenna, að hann var gerónýtt kröfubréf, sem Steingrímur mundi aldrei fá neitt fyrir. Fjárhæð þessi sé því endurkræf samkvæmt 6. gr. laga nr. 73/1933, þar sem skoða beri afhendingu víxilsins sem oftekið endurgjald fyrir umlíðan lánsins.

Þá telur stefnandi, að 2% þóknun sú, er stefndi tók af víxilfjárhæðinni, eða kr. 2.000,00, sé endurkræf samkvæmt sömu lagagrein, þar sem stefndi veitti sjálfur lánið og hafði því ekki heimild til að taka umrædda þóknun.

Samkvæmt þessu hafi stefndi a. m. k. greitt kr. 18.390,51 minna fyrir 100.000,00 kr. víxillinn en honum bar. En auk þessa hafi hann reiknað sér 7½% forvexti af allri víxilfjárhæðinni í 8 mánuði og þar með einnig af kr. 18.390,51 fjárhæðinni. Nemi þeir forvextir kr. 929,50, og séu þeir ólöglega teknir og endurkræfir samkvæmt 6. gr. laga nr. 73/1933. Þá hafi í vaxtagreiðslunni í uppboðsrétti hinn 24. febrúar 1954 verið innifaldir 6% ársvextir af kr. 18.390,51 fjárhæðinni eða kr. 643,65, sem einnig séu endurkræfar samkvæmt sömu ákvæðum laga.

Alls telur stefnandi því endurkræfar samkvæmt 6. gr. laga nr. 73/1933 kr. 19.963,66.

Stefndi hefur mótmælt því, að víxill Inga Kröyers hafi verið verðlaus eða að honum hafi verið um það kunnugt, er hann afhenti Steingrími hann, og aldrei hafi verið fullreynt með gjaldþroti, að Ingi Kröyer ætti ekki fyrir skuldum. Hin árangurslausa fjárnámsgerð, er fram fór 6. febrúar 1954, skeri á engan hátt úr þessu, meðal annars af þeirri ástæðu, að sú fógetagerð fór fram um það bil ári eftir, að hann afhenti víxilinn.

Þá hefur stefndi mótmælt því, að hann hafi tekið of háa vexti fyrir víxillánið, og þótt svo yrði litið á, að svo hafi verið, þá sé stefnandi ekki réttur aðili til að endurheimta þá fjárhæð.

Stefnandi, sem lagt hefur fram framsal frá Steingrími Stefánsyni fyrir hugsanlegum kröfum Steingríms á hendur stefnda vegna framangreinds „víxils“ Inga Kröyers, þykir ekki hafa fært sönnur á, að Ingi Kröyer hafi verið ógjaldfær, er stefndi afhenti fyrrgreindan „víxil“ hans til Steingríms Stefánssonar.

Þá þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að hann hafi heimild

til að endurheimta vexti, er stefndi kann að hafa oftekið af Steingrími Stefánssyni.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda einnig af varakröfu stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna, en uppsaga hans hefur dregið nokkuð vegna anna.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Berndsen, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Hilmars Ludvigssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 22. maí 1959.

Nr. 145/1958. **Ákæruvaldið** (Rannveig Þorsteinsdóttir hrl.)

gegn

Eiríki Kristjánssyni (Áki Jakobsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Okur.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir gögnum málsins, sem rakin eru í héraðsdómi, hafa víxillán Sigurðar Berndsens numið samtals eigi lægri fjárhæð en kr. 100.000,00 og vextir af þeim verið minnst 18% p.a. Þá er og í ljós leitt, að víxillán Guðlaugs A. Ásgeirssonar hafa eigi numið lægri fjárhæð alls en kr. 150.000,00 og vextir af þeim minnst 20% p.a. Sjálfur kveður ákærði víxillán þessi og vexti hafa verið hærri. Guðlaugur Ásgeirsson telur víxillán sín hafa numið á þriðja hundrað þúsund krónum, og Gunnar Hall segir vexti af öllum þeim lánum, sem um er að tefla, hafa verið 60% p.a. Má því